

Alþingi, nefndasvið
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur
Þórshamri v/ Kirkjustræti

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 142/173
komudagur 15.8.2013

Mosfellsbæ, 31.07.2013
nr. erindis 201306306/- uvi

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning. Þingskjal 7 - 7. mál.

Frumvarpið barst Mosfellsbæ til umsagnar með tölvupósti frá nefndarsviði Alþingis 26. júní s.l. Frestur til athugasemda var veittur til 1. júlí. 1128. fundur bæjarráð Mosfellsbæjar 4. júlí 2013 vísaði máinu til umsagnar og afgreiðslu framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs.

Í erindi nefndarsviðs kemur fram að felld hefur verið brott skilyrði um að hinn hreyfihamlaði sjálfur eða annar heimilismaður aki bifreið sem veittur er styrkur til kaupa fyrir skv. 2. mgr. 63. gr. Um það atriði vísar undirrituð tileftirfarandi umsagnar 1101. Fundar bæjarráðs Mosfellsbæjar 06.12.2012.:

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að heimilt sé að greiða uppbót vegna kaupa á bifreið eða styrk til reksturs bifreiðar foreldra eða annarra náinna ættingja sem ekki eigi lögheimili á sama stað og hinn fatlaði. Forsenda fyrir því að slíkt sé heimilað er eins og fram kemur í frumvarpinu að tveir óháðir og óskyldir fagaðilar, heimilislæknir og félagsmálastjóri staðfesti mikilvægi styrksins.

Mikilvægt er að opinberum fjármunum sem varið er til stuðnings fótluðu fólki renni ótvírátt til þjónustu við þá einstaklinga. Tillaga um breytingu á 10. gr. laganna með tilkomu heimildar um greiðslu styrks eða uppbótar til annarra en bótaþega er til þess fallin að opna möguleika á að fjármunirnir renni í vasa annarra en þeirra sem nauðsynlega þurfa á þeim að halda.

Þá eru áréttuð umsögn 115. fundar bæjarráðs frá 04.04.2013 við frumvarpið er það var áður lagt fram sbr. þingskjal 1116 — 636. mál. Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning. Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013 er eftirfarandi:


Athugasemd er gerð við 1. mgr. 16. gr. þar segir: Skilyrði fyrir greiðslum er að umsækjandi taki þátt í endurhæfingu með starfshæfni að markmið...
Krafa þessi er réttmæt, enda er forsenda hennar sú að einstaklingurinn hafi aðgang að viðeigandi endurhæfingu. Slík er ekki reyndin í dag og því hafa einstaklingar sem eru í þörf fyrir endurhæfingu og ættu alla jafnan rétt á greiðslu endurhæfingarlífeyris notið fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga án þeirrar hæfingar sem þeir eru í þörf fyrir.

Lagt er til að dregið verði úr skilyrðingu sbr. fyrrgreint ef viðeigandi starfsendurhæfingarúrræði er ekki tiltækt.



Beðist er velvirðingar á því tímamörk umsagnar voru ekki virt sem helgast af mjög stuttum fresti til að skila inn umsögn og sumarleyfi undirritaðrar.

Virðingarfyllst,



Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs